

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 27/98  
frá 27. mars 1998**

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni)  
við EES-samninginn og  
um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn,  
um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIV. viðauka var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/97 frá 2. febrúar 1998<sup>(1)</sup>.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 frá 30. júní 1997 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Skráin í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn endurspeglar almenna stöðu löggjafar bandalagsins á þessu sviði.

Bókun 21 var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/97 frá 14. mars 1997<sup>(3)</sup>.

Taka ber reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 frá 30. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja inn í skrána í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 44.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89) í XIV. viðauka skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 R 1310:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 frá 30. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1).”.

2. Í stað aðlögunartexta við ákvæði 1. til 5. gr. reglugerðarinnar komi eftirfarandi:

- a) Í 1. mgr. 1. gr. skal klausunni „eða í samræmi við ákvæði bókunar 21 við EES-samninginn“ skotið inn á eftir orðunum „Með fyrirvara um 22. gr.“.

Enn fremur komi „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“.

- b) Í 2. mgr. 1. gr. komi „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“.

Enn fremur komi „velta innan bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „velta innan bandalagsins“.

Í síðustu undirgreininni komi „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“ í stað orðsins „aðildarríki“.

- c) Í 3. mgr. 1. gr. komi „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“.

Enn fremur komi „velta innan bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „velta innan bandalagsins“.

Í b-lið og c-lið 3. mgr. 1. gr. og í síðustu undirgrein 3. mgr. 1. gr. komi „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“ í stað orðsins „aðildarríki“.

- d) Ákvæði 4. og 5. mgr. 1. gr. gilda ekki.

- e) Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr. komi „framkvæmd EES-samningsins“ í stað orðanna „hins sameiginlega markaðar“.

- f) Í lok 2. mgr. 2. gr. komi „framkvæmd EES-samningsins“ í stað orðanna „hins sameiginlega markaðar“.
- g) Í lok 3. mgr. 2. gr. komi „framkvæmd EES-samningsins“ í stað orðanna „hins sameiginlega markaðar“.
- h) Í fyrstu undirgrein 4. mgr. 2. gr. komi „framkvæmd EES-samningsins“ í stað orðanna „hins sameiginlega markaðar“.
- i) Í b-lið 5. mgr. 3. gr. komi „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“ í stað orðsins „aðildarríkis“.
- j) Í 1. mgr. 4. gr. komi „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“.

Enn fremur skal klausunni „í samræmi við 57. gr. EES-samningsins“, í fyrsta málslið, skotið inn á eftir orðunum „Tilkynna skal framkvæmdastjórninni“.

- k) Í 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi í stað síðustu undirgreinarinnar:

„Til veltu, innan bandalagsins eða aðildarríkis EB, skal telja tekjur af sölu vöru og þjónustu til fyrirtækja eða neytenda innan bandalagsins eða aðildarríkis EB eftir því sem við á. Sama gildir að því er varðar veltu á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða í EFTA-ríki.“

- l) Í a-lið 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi í stað síðustu undirgreinarinnar:

„Til veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar innan bandalagsins eða aðildarríkis EB skal telja tekjuliðina, samkvæmt framangreindri skilgreiningu, sem útbú eða deild stofnunarinnar í bandalaginu eða viðkomandi aðildarríki EB aflar, eftir því sem við á. Sama gildir að því er varðar veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða í EFTA-ríki.“

- m) Í síðustu setningu b-liðar 3. mgr. 5. gr. komi:

„... skal taka til greina heildariðgjöld greidd af íbúum innan bandalagsins og af íbúum innan eins aðildarríkis EB. Hið sama skal gilda hvað varðar heildariðgjöld frá íbúum á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða frá íbúum eins EFTA-ríkis“.

í stað „... skal taka til greina heildariðgjöld greidd af íbúum innan bandalagsins og af íbúum innan eins aðildarríkis“.

## 2. gr.

1. Í 1. mgr. 3. gr. í bókun 21 við samninginn bætist eftirfarandi undirliður við 1. lið

„, eins og henni var breytt með:

- **397 R 1310**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 frá 30. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1).”.

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1310/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbato

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner